



Eitt evrópskt einkaleyfi (Unitary Patent)


Einfaldara, viðtækara og
hagkvæmara einkaleyfi

Nýtt kerfi fyrir: eitt evrópskt einkaleyfi

Eitt evrópskt einkaleyfi bætir og styrkir miðlæga evrópska einkaleyfakerfið. Það er, ásamt sameiginlega einkaleyfadómstólnum, hagkvæmur valkostur fyrir einkaleyfavernd og lausn deilumála um einkaleyfi í Evrópu og örvar rannsóknir, þróun og fjárfestingar í nýrri tækni.

Evrópsk einkaleyfi eru verðmætar eignir sem gera nýsköpunarfyrirtækjum kleift að laða að fjárfesta, gera arðbæra nytjaleyfissamninga, vernda markaðshlutdeild sína og auka viðskipti. Það getur aftur á móti verið kostnaðarsamt og flókið að staðfesta, viðhalda og framfylgja hefðbundnum evrópskum einkaleyfum.

Nýja samræmda kerfið um eitt evrópskt einkaleyfi gerir það ekki aðeins einfaldara og ódýrara að vernda uppfinningar í Evrópu heldur fylgir því einfaldara, miðlægt úrlausnarkerfi deilumála sem eykur réttarvissu.



Frá fjölda landsbundinna einkaleyfa...

Frá því á áttunda áratugnum hefur Evrópska einkaleyfastofan (EPO) staðið fyrir einu miðlægu ferli við veitingu evrópskra einkaleyfa. Einkaleyfisumsóknir, sem lagðar eru inn á ensku, frönsku eða þýsku, eru rannsakaðar og lagalegur grundvöllur þeirra kannaður til þess að tryggja að einkaleyfi sem gefin eru út séu af mestu mögulegu gæðum. Að þessu miðlæga ferli loknu getur einkaleyfishafi fengið einkaleyfisvernd í allt að 45 löndum. Evrópska einkaleyfið sem veitt er, er þó ekki einn réttur heldur samansafn landsbundinna einkaleyfa, sem þýðir að staðfesta þarf og viðhalda einkaleyfinu í hverju landi þar sem það á að taka gildi. Þetta ferli getur verið umfangsmikið og kostnaðarsamt.



Hefðbundið evrópskt einkaleyfi er ekki einn réttur heldur samansafn landsbundinna einkaleyfa, sem þýðir að staðfesta þarf og viðhalda einkaleyfinu í hverju landi þar sem það á að taka gildi. Þetta ferli getur reynst vandasamt og dýrt.

... til eins svæðisbundins réttar

Nýtt kerfi sníðir þessa vankanta af hvað varðar aðildarríki ESB sem taka þátt í samstarfi þar um: **Eitt evrópskt einkaleyfi tekur gildi í þeim öllum í einu lagi** og býður upp á einfaldaða leið til samræmdrar og víðtækrar einkaleyfaverndar sem dregur verulega úr umstangi og kostnaði. Til viðbótar við miðlæga umsóknarferlið fyrir hefðbundið evrópskt einkaleyfi kemur nú miðlægt ferli í kjölfar einkaleyfisveitingar. Í stað þess að staðfesta einkaleyfið í nokkrum ríkjum hverju fyrir sig geta rétthafar fengið eitt evrópskt einkaleyfi með því að leggja inn eina beiðni til EPO, þar sem allt er afgreitt á einum stað, bæði miðlæg umsjón með einkaleyfinu og móttaka viðkomandi gjalda.

Eitt evrópskt einkaleyfi einfaldar leiðina að samræmdri og víðtækri einkaleyfavernd sem draga mun verulega úr umstangi og kostnaði.

Hvernig virkar þetta?

Eitt evrópskt einkaleyfi er til viðbótar við núverandi kerfi fyrir hefðbundið evrópskt einkaleyfi en kemur ekki í staðinn fyrir það. Nýsköpunarfyrirtæki geta nú valið hvort þau staðfesti hefðbundið evrópskt einkaleyfi sitt í einu eða fleiri aðildarríkjum að Evrópska einkaleyfasamningnum (ECM) eða velji vernd með einu evrópsku einkaleyfi. Þau geta einnig notað bæði kerfin samhliða og átt eitt evrópskt einkaleyfi ásamt því að staðfesta hefðbundið evrópskt einkaleyfi sitt í öðrum EPC-samningsríkjum, svo sem á Íslandi.

Eitt evrópskt einkaleyfi er byggt ofan á núverandi kerfi en kemur ekki í staðinn fyrir það. Nýsköpunarfyrirtæki geta valið landsbundnu leiðina, einungis vernd með einu evrópsku einkaleyfi eða að nýta sér hefðbundna evrópska einkaleyfið samhliða því nýja.



Hvernig fæst það?

Áður en hægt er að fá eitt evrópskt einkaleyfi skráð hjá EPO verður viðkomandi fyrst að fá Evrópueinkaleyfi veitt. Þetta þýðir að leggja þarf inn og afgreiða evrópska einkaleyfisumsókn samkvæmt ferlum Evrópska einkaleyfasamningsins. Fyrir eitt evrópskt einkaleyfi bætist nú við nýtt miðlægt ferli hjá EPO fyrir veitingu einkaleyfa, sem hefst eftir að umsókn hefur verið rannsökuð samkvæmt sömu ferlum og eiga við um hefðbundin evrópsk einkaleyfi. Það sem bætist við er nýtt miðlægt ferli hjá EPO eftir veitingu evrópsks einkaleyfis í framhaldi af miðlægu ferli fyrir veitingu.

Ferlið við að fá eitt evrópskt einkaleyfi er einfalt: hefðbundið evrópskt einkaleyfi verður að hafa verið veitt með sömu einkaleyfiskröfum í öllum aðildarríkjum ESB sem eru hluti af nýja kerfinu. Beiðni um eitt evrópskt einkaleyfi skal í kjölfarið leggja fram innan eins mánaðar frá tilkynningu um veitingu hefðbundna einkaleyfisins. Ekki er krafist þýðinga eftir veitingu eins evrópsks einkaleyfis nema á fyrstu mánuðum nýja kerfisins. EPO fer yfir beiðnina og skráir einkaleyfið ef allar formkröfur eru uppfylltar.

Ferlið er einfalt: Rétthafar fá fyrst veitt hefðbundið evrópskt einkaleyfi og sækja svo um eitt evrópskt einkaleyfi

Hvað kostar það?

Beiðni um eitt evrópskt einkaleyfi er algerlega gjaldfrjál, þ.e. engin umsýslu-, rannsóknar- eða skráningargjöld eru greidd til EPO fyrir hana.

Árgjöld fyrir eitt evrópskt einkaleyfi eru afar hagstæð og viðskiptavæn: heildarkostnaður við að viðhalda einkaleyfinu fyrstu tíu árin, sem er meðalgildistími hefðbundins evrópsks einkaleyfis, er innan við 5000 evrur.

Samanburður á gjöldum og óbeinum kostnaði sýnir að heildarkostnaður við eitt evrópskt einkaleyfi verður umtalsvert lægri en sá kostnaður sem nú fer í að staðfesta og viðhalda hefðbundnu evrópsku einkaleyfi í fjórum löndum.

Sparnaðurinn sem fylgir einu evrópsku einkaleyfi er enn skýrari þegar útgjöld vegna einfaldrar umsýslu eru tekin með í reikninginn. Ef um er að ræða hefðbundið evrópskt einkaleyfi þarf að greiða mismunandi árgjöld í ólíkum gjaldmiðlum til mismunandi einkaleyfastofa í hverju landi, sem jafnframt setja mismunandi lagaskilyrði, einkum hvað varðar tímamörk. Fyrir eitt evrópskt einkaleyfi er aðeins eitt árgjald sem greiðist til EPO í einum gjaldmiðli (evru), í stöðluðu ferli með einum gjalddaga og engri skyldu til að nota umboðsmann.

Það sem meira er, lítil og meðalstór fyrirtæki eiga nú rétt á 500 evra endurgreiðslu vegna kostnaðar við að leggja fram þýðingu á fyrstu einkaleyfisumsókn sinni á einu af þremur opinberu tungumálum EPO.

Árgjöld fyrir eitt evrópskt einkaleyfi

–	–	11. ár	€ 1 460
2. ár	€ 35	12. ár	€ 1 775
3. ár	€ 105	13. ár	€ 2 105
4. ár	€ 145	14. ár	€ 2 455
5. ár	€ 315	15. ár	€ 2 830
6. ár	€ 475	16. ár	€ 3 240
7. ár	€ 630	17. ár	€ 3 640
8. ár	€ 815	18. ár	€ 4 055
9. ár	€ 990	19. ár	€ 4 455
10. ár	€ 1 175	Tuttugasta ár	€ 4 855

– Árgjald með álagi = 50% (1. mgr. 2.gr., 2. liður, RFeesUPP)
– 15% lækkun á árgjaldi fyrir nytjaleyfi (Regla 12 UPR, 3. gr. RFeesUPP)

Frekari upplýsingar um kostnað við eitt evrópskt einkaleyfi miðað við hefðbundið evrópskt einkaleyfi í fjórum Evrópulöndum má finna á [vef EPO](#).


Umsóknin verður gjaldfrjál og árgjöldin hagstæð og viðskiptavæn.

Hvaða lönd taka þátt?

Landfræðilegt gildissvið eins evrópsks einkaleyfis gæti í framtíðinni hugsanlega náð til allra 27 aðildarríkja ESB. Ísland stendur utan kerfisins en er aðili að Evrópska einkaleyfasamningnum og það er því áfram hægt að fullgilda hefðbundin evrópsk einkaleyfi á Íslandi og íslensk fyrirtæki geta jafnframt nýtt sér eitt evrópskt einkaleyfi á Evrópumarkaði.

Til þess að falla undir eitt evrópskt einkaleyfi verður aðildarríki ESB ekki aðeins að taka þátt í sérstöku samstarfi þar um (e. enhanced cooperation) heldur einnig að hafa fullgilt samninginn um sameiginlegan einkaleyfadómstól.

Landfræðilegt gildissvið eins evrópsks einkaleyfis verður það sama á líftíma þess og verður ekki framlengt til ríkja sem fullgilda samninginn um sameiginlegan einkaleyfadómstól eftir að það hefur verið skráð.



Meðal þeirra 25 ríkja sem taka þátt í samstarfinu eru 18 ríki (dökkblá) sem hafa fullgilt dómstólasamninginn (UPCA) þ.e.: Austurríki, Belgía, Búlgaría, Danmörk, Eistland, Finnland, Frakkland, Þýskaland, Ítalía, Lettland, Litháen, Lúxemborg, Malta, Holland, Portúgal, Rúmenía, Slóvenía, Svíþjóð; auk 7 annarra ríkja (ljósblá) sem gætu tekið þátt í kerfinu þegar þau hafa fullgilt samninginn (þ.e.: Kýpur, Tékkland, Grikkland, Írland, Pólland, Slóvakía). Króatía og Spánn eiga möguleika á því að þátt í samstarfinu í framtíðinni.

Einn dómstóll fyrir einkaleyfi í Evrópu

Nýi sameiginlegi einkaleyfadómstóllinn mun beita samræmdri, einkaleyfalöggjöf í ákvörðunum varðandi umfang veittra réttinda og takmarkanir á þeim.

Framfylgni dóma vegna einkaleyfa í Evrópu verður mun einfaldari með nýjum sameiginlegum einkaleyfadómstól fyrir þau ESB ríki sem taka þátt í samstarfinu en hann hefur lögsögu til að taka fyrir deilumál, einkum varðandi brot eða ógildingu einkaleyfa.

Það að vantað hafi einn sameiginlegan evrópskan einkaleyfadómstól hefur þýtt mörg málaferli vegna einkaleyfa samtímis fyrir mörgum landsdómstólum, sem gerði málshöfðanir flóknar og kostnaðarsamar fyrir alla aðila.

Sameiginlegi einkaleyfadómstóllinn bindur enda á þetta. Handhafar eins evrópsks einkaleyfis og hefðbundinna Evrópueinkaleyfa njóta nú einfaldara lagalegs umhverfis vegna einkaleyfa í ríkjnum sem falla undir lögsögu dómstólsins.

Sameiginlegi einkaleyfadómstóllinn samanstendur af fyrsta dómstigi, áfrýjunarstigi og skráningarstofu. Hann mun beita samræmdri, einkaleyfalöggjöf í ákvörðunum varðandi umfang veittra réttinda og takmarkanir á þeim. Ákvarðanir verða teknar af fjölþjóðlegum dómnefndum sem samstanda af bæði lagalega og tæknilega hæfum dómurum. Ákvarðanir þeirra munu uppfylla ýtrustu kröfur um gæði og koma á samræmdri dómaframkvæmd sem tryggja mun aukna réttarvissu.

Málsmeðferðarreglur sameiginlega einkaleyfadómstólsins verða einfaldari, fljótlegri og skilvirkari. Kostnaður vegna málaferla verður einnig lægri þar sem ekki er þörf á málaferlum í hverju aðildarríki. Lítil fyrirtæki munu einnig njóta góðs af lægri gjöldum til dómstólsins og ef þau tapa máli, lægra þaki á það endurgjald sem aðilinn sem dæmt er í hag getur átt heimtingu á.

Auk eins evrópsks einkaleyfis hefur dómstóllinn lögsögu yfir hefðbundnum evrópskum einkaleyfum, þótt ákveðnar undantekningar gildi á umbreytingartímabilinu til 31. maí 2030.

Hvenær var nýja kerfið tekið upp?

Nýja kerfið fyrir eitt evrópskt einkaleyfi
tók gildi **1. júní 2023** þegar sameiginlegi
einkaleyfadómstóllinn tók til starfa.



Útgáfa og ritstjórn:

Einkaleyfastofnun Evrópu

© EPO September 2024

epo.org/unitary

Ábyrgðaraðili efnis:

Directorate Patent Developments & IP Lab (D 5.2.1)

og Unitary Patent Division (D 5.3.2.2)

Heimilisfang:

Bob-van-Bentham-Platz 1 | 80469 München | Þýskalandi

Sími:

+49 89 2399-0

Netfang:

support@epo.org

Hugverkastofan aðstoðaði við þýðingu
þessa bæklingis.

